

# Retrierverdeild HRFÍ



## Skýrsla stjórnar 2015

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 3. mars 2016  
í Síðumúla 15





**Stjórn og nefndir**

| Ræktunarstjórn  | Veidinefnd   | Sýninganefnd  | Göngu- og skemmtinefnd  | Básanefnd  | Vefsíðunefnd   |
|---|--|---|---|--|--|
| Arnar Tryggvason<br>Heiðar Sveinsson*<br>Sigrún<br>Guðlaugardóttir<br>Þórgunnur<br>Pétursdóttir<br>Þórhallur Viðar<br>Atlason | Arnar<br>Tryggvason *<br>Fanney<br>Harðardóttir<br>Guðjón P.<br>Sigurðsson<br>Ingibjörg<br>Friðriksdóttir<br>Ingólfur<br>Guðmundsson<br>Ívar<br>Guðmundsson<br>Jens Magnús<br>Jakobsson<br>Kristján<br>Baldvinsson<br>Vilhjálmur Kári<br>Heiðdal<br>Þórhallur Viðar<br>Atlason | Elsa Hlín<br>Magnúsdóttir *<br>Guðbjörg<br>Guðmundsdóttir<br>Sigrún<br>Guðlaugardóttir<br>Þórgunnur<br>Pétursdóttir | Atli Már<br>Erlingsson<br>Guðbjörg<br>Guðmundsdóttir<br>Svanhildur<br>Skúladóttir<br>Thelma Dögg<br>Freysdóttir | Sigrún<br>Guðlaugardóttir<br>Svanhildur<br>Skúladóttir<br>Arnar Tryggvason | Olgeir Gestsson *<br>Jóhann<br>Friðriksson<br>Guðbjörg<br>Guðmundsdóttir |

\* Formaður

**Deildin**

Retrieverdeildin er hópdeild innan HRFÍ sem fer með málefni Retrieverhunda í tegundahópi 8. Í dag eru skráðir 2230 (+187 frá í fyrra) hundar á lífi af 5 tegundum í gagnagrunni deildarinnar;

- 3 Nova Scotia Duck Tolling Retriever (+2)
- 1 Chesapeake Bay (±0)
- 22 Flat-coated Retriever (±0)
- 306 Golden Retriever (+17)
- 1898 Labrador Retriever (+168)

Allir retrievereigendur sem greiða félagsgjöld til HRFÍ teljast virkir félagsmenn.

**Starfsemi**


Á síðasta starfsári hélt deildin 10 veiðipróf og alls þreyttu 140 hundar próf, stóð fyrir deildarsýningu og voru 74 hundar skráðir, þá stóð göngu- og skemmtinefnd fyrir göngum og ýmsum öðrum upptakomum jafnt og þétt og hafa viðburðirnir verið misvel sóttir. Á síðasta starfsári voru haldnir 6 stjórnarfundir, auk mikilla samskipta gegnum netið. Stjórn sendi fulltrúa á alla fulltrúaráðsfundi HRFÍ.

**Ræktunarráð**

Ræktunarráði bárust alls 4 þörunarbeiðnir á árinu og var þeim öllum svarað. Þetta er fækkun síðan í fyrra og því samdráttur í að nota rakkalista félagsins. Á rakkalista eru allir rakkar sem uppfylla kröfur ræktunarstjórnar. Ræktunarstjórn bárust þónokkrar fyrirspurnir þar sem tíkareigendur voru ekki með tíkurnar klárar til ræktunar samkvæmt kröfum ræktunarstjórnar og/eða kröfum HRFÍ til ættbókarskráningar. Í kjölfarið var skoðað hvort hægt væri að gera þessar upplýsingar aðgengilegri og betur upplýsandi á heimasíðu og var nafni á yfirflokk breytt og eins bætt inn meiri upplýsingum með þá von í brjósti að það auðveldi meðlimum að nálgast upplýsingar.

**Got á árinu**

Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2015 voru: 146 Labrador hvolpar úr 20 gotum sem er 4 gotum og 7 hvolpum færra en 2014 og 20 Golden hvolpar úr 3 gotum, sem er fækkun um 3 got og 17 hvolpa. Ekkert Flat-coated got var á síðasta ári.



1. mynd. Fæðingarár ættbókarskráðra Labrador, Golden og Flatcoated Retriever frá upphafi

### Innflutningur

Fluttir voru inn 3 Labrador Retriever, 2 Golden Retriever, 2 Nova Scotia Duck Tolling Retriever og 1 Flat-coated Retriever árið 2015.

### Veiðinefnd

Veiðinefnd hélt nokkra fundi á seinasta ári og skipulagði 11 veiðirpróf, eitt próf féll niður vegna lítillar aðsóknar og haldin voru 10 veiðirpróf. Nefndin lagði til starfs- og fjárhagsáætlun fyrir stjórn deildarinnar fyrir árið 2016.

### Dagskrá 2016

Dagskrá 2016 og fjárhagsáætlun var samþykkt af stjórn HRFÍ á fundi 18. nóvember 2015 og var dagskráin birt formlega á heimasíðu deildarinnar í framhaldi af því. Þar er gert ráð fyrir 12 veiðirprófum, tveimur 2 tveggja daga prófum með erlendum dómurum, jafnframt samþykkt stjórn HRFÍ beiðni deildarinnar um að innheimta fullt gjald af báðum prófum yfir helgi þegar um sitthvort prófnúmer er að ræða. Stjórn HRFÍ samþykkti beiðni deildarinnar um deildarsýningu í ár og verður hún haldin 25. júní að Brautarholti á Skeiðum.

### Mjaðma- og olnbogamyndir

Tvær tegundir voru mjaðma- og olnbogamyndaðar á árinu. Niðurstöður má sjá í töflu 1.

1. Tafla: Niðurstöður myndataka 2015

|          | Niðurstöður mjaðmamýnda (HD) |   |   |   |       | Samtals | Niðurstöður olnbogamynda (ED) |   |   |    |  | Samtals |
|----------|------------------------------|---|---|---|-------|---------|-------------------------------|---|---|----|--|---------|
|          | Fríir                        | C | D | E | Fríir |         | C                             | D | E |    |  |         |
| Labrador | 42                           | 5 | 3 | 1 | 51    | 43      | 2                             | 1 | 2 | 48 |  |         |
| Golden   | 9                            | 2 | 0 | 0 | 11    | 6       | 4                             | 1 | 0 | 11 |  |         |

**Augnskoðanir**

Fjórar augnskoðanir voru framkvæmdar á árinu, niðurstöður má sjá í töflu 2.

## 2. Tafla: niðurstöður úr augnskoðunum 2015

| <b>Augnskoðanir 2015</b> |       |                     |          |              |                     |                               |           |         |
|--------------------------|-------|---------------------|----------|--------------|---------------------|-------------------------------|-----------|---------|
|                          | Fríir | Fríir m.<br>Athugas | Cataract | Distichiasis | Retinal<br>displasi | Persisterende<br>pupilmembran | Dystrophí | Samtals |
| Labrador                 | 81    | 10                  | 7        | 1            | 4                   | 2                             | 1         | 106     |
| Golden                   | 11    |                     | 3        |              |                     |                               |           | 14      |
| Flat Coated              |       |                     |          | 1            |                     |                               |           | 1       |
| Nova Scotia Duck Toller  | 1     |                     |          | 1            |                     |                               |           | 2       |
| Samtals                  | 93    | 10                  | 10       | 3            | 4                   | 2                             | 1         | 123     |

**Göngur, skemmtikvöld, sýningarþjálfanir, hvolpasprell og fræðslufundur**

Göngu- og skemmtinefnd stóð fyrir taumgöngum á hinum ýmsu svæðum borgarinnar allt síðasta ár og var mæting misgóð. Sérstakir hvolpadagar voru tveir þar sem hundar undir eins árs hittust og fengu að hlaupa saman. Göngu- og skemmtinefndin hefur einnig verið iðin við að brydda upp á nýjungum og hefur óspart hvatt deildarmeðlimi til að mæta í útilegur deildarinnar í tengslum við veiðiprófin og deildarviðburð. Sýningarþjálfun deildarinnar hefur verið mjög vel sótt og þökkum við þeim sem borið hafa hita og þunga af þjálfuninni kærlega fyrir þeirra framlag. Grúbbur 7 og 8 slógu saman í villibráðarkvöld í Sólheimakoti og tók Retrieverdeild þátt í þessu kvöldi sem heppnaðist sérlega vel. Markmiðið var að skemmta sér og spjalla um hunda ásamt því að kynna innbyrðis í sameiginlegu sporti með vinnuhunda sérhæfða til veiða

**DNA próf vegna PRA (Progressive Retinal Atrophy, eða arfgeng vaxandi sjónurýrnun)**

Frá 01.01.2005 til 01.03.2014 hafa 140 labradorhundar verið DNA prófaðir vegna prcd-PRA og greindust 86 N/C, 20 berar (Carrier; #) og 3 með meingenið (prcd PRA). Síðan 2008 hafa 35 Golden Retriever verið prófaðir fyrir prcd-PRA og hafa þeir allir greinst N/C.

Árið 2012 var fyrst gerð krafa um að Golden Retrieverhunda þurfi einnig að DNA prófa fyrir GR\_PRA1 og hafa 18 hundar verið prófaðir allir N/C. Eftir 1. desember 2014 er það krafa fyrir ættbókarskráningu Golden Retriever hvolpa að foreldrar séu DNA prófaðir fyrir GR\_PRA 2.


**Sýningar**

Átta sýningar fyrir retrieverhunda voru haldnar á starfsárinu á vegum HRFÍ, 4 alþjóðlegar, ein Reykjavík Winner sýning, ein Meistarasýning og Norðurljósasýning. Af alls um 3999 skráningum voru Retriever skráningar á þessum sýningum 374 (eða um 10% allra skráninga); 274 Labrador, 90 Golden, 4 Flat-coated og 6 Nova Scotia Duck Tolling. Að auki var haldin deildarsýning þar sem 60 hundar voru skráðir. Dýrheimar sf hafa gefið eignarbikara í BOB og BOS á öllum sýningum ásamt eignarbikara og verðlaunapeninga í hvolpaflokkum.

Ath hér þyrfti að breyta töflunúmeri ef tafla/töflur hér að ofan eru samþykktar.

1. tafla. Þátttaka retrieverhunda í sýningum árin 2005-2015, skipt eftir flokkum. \* = deildarsýning.

| ÁR             | HV.4-6 | HV.6-9 | ULFL | UHFL | OFL | VFL | MFL | ÖFL | SAMTALS |
|----------------|--------|--------|------|------|-----|-----|-----|-----|---------|
| 2005 (4 SÝN)   | 18     | 15     | 40   | 31   | 39  | 0   | 6   | 6   | 155     |
| 2006 (3 SÝN)   | 9      | 12     | 51   | 53   | 62  | 0   | 2   | 5   | 194     |
| 2007 (4 SÝN)*  | 21     | 23     | 22   | 59   | 108 | 0   | 0   | 4   | 237     |
| 2008 (4 SÝN)   | 8      | 24     | 52   | 23   | 98  | 10  | 1   | 0   | 216     |
| 2009 (5 SÝN)*  | 19     | 14     | 87   | 52   | 138 | 2   | 11  | 2   | 325     |
| 2010 (5 SÝN)*  | 29     | 41     | 83   | 39   | 149 | 10  | 15  | 5   | 371     |
| 2011 (5 SÝN)*  | 22     | 36     | 55   | 65   | 148 | 4   | 13  | 5   | 348     |
| 2012 (4 SÝN)   | 33     | 43     | 68   | 46   | 111 | 1   | 22  | 4   | 328     |
| 2013 (5 SÝN) * | 32     | 27     | 78   | 67   | 143 | 20  | 34  | 4   | 405     |
| 2014 (6 SÝN) * | 32     | 23     | 69   | 45   | 155 | 28  | 56  | 13  | 421     |
| 2015 (8 SÝN) * | 24     | 42     | 61   | 67   | 141 | 25  | 62  | 16  | 438     |



2. mynd. Pátttakaretrieverhunda í veiðiþrófumog sýningum frá 1995 – 2015.

### Veiðiþróf

Tíu veiðiþróf voru haldin á vegum deildarinnar á starfsárinu og skráningar voru alls 140 sem er 43 hundum færra en 2014, skýrist helst af færri þrófum. Tveir erlendir dómaraar dæmdu, þeir Ole J. Andersen frá Noregi á Suðurlandi og Gitte Roed frá Danmörku í Húsafelli. Dýrheimar, umboðsaðili Royal Canin á Íslandi, styrktu komu eins dómara til landsins og gáfu öll verðlaun eins og mörg undanfarin ár. Íslensku dómaraarnir fimm dæmdu og/eða gegndu hlutverki fulltrúa HRFÍ á árinu. Við þökkum Halldóri Garðari Björnssyni, Sigurði Ben Björnssyni, Sigurði Magnússyni, Margréti Pétursdóttur, Sigurmoni M. Hreinssyni og Kjartani I. Lorange fyrir óeigingjarnt starf í okkar þágu og þeim fjölmörgu starfsmönnum sem aðstoðuðu við framkvæmd þrófanna.

Frá upphafi veiðiþrófa árið 1995 hafa 159 þróf verið haldin og alls 1654 þátttökur (715 í BFL, 468 í OFL og 671 í ÚFL). Alls hafa 206 Labrador hundar tekið þátt, 7 Golden Retriever, 2 Chesapeake Bay og 6 Flat-coated. Sjö íslenskir dómaraar hafa dæmt alls 101 þróf og 1022 hunda frá upphafi, en 21 erlendir dómaraar hafa dæmt 49 þróf og 676 hunda.

### Skapgerðarmat

Enginn Retrieverhundur undirgekkst skapgerðarmat á árinu.

### Meistarar

10 Labradorar hlutu meistaranafnbót á árinu:

- ISFTCH Kolkuós Lómur– Eigandi: Sigurmon Marvin Hreinsson
- ISFTCH Kolkuós Móa Black – Eigandi: Henning Þór Aðalmondson
- ISFTCH Kola– Eigandi: Heiðar Sveinsson
- ISFTCH Ljósavíkur Lotta– Eigandi: Jens Magnús Jakobsson
- C.I.E ISSHCH Hólabergs Famous Sport – Eigandi: Vignir Björnsson
- C.I.E ISSHCH Freyvangs Dimma – Eigandi: Helgi Bjarni Óskarsson
- C.I.B ISCH Mánasteins Birta – Eigandi: Guðrún Rakel Svandísardóttir
- ISSHCH Leynigarðs Gæfa – Eigandi: Margrét Bergsveinsdóttir
- ISSHCH Stekkjardals Marie Curie– Eigandi: Erla Heiðrún Benediksdóttir
- ISSHCH Draumalands Mount Etna– Eigandi: Hildur María Jónsdóttir

5 Golden hlutu meistaranaþbót á árinu :

- C.I.E. ISShCh Heatwave Little Miss Sunshine – Eigandi: Steinunn Guðjónsdóttir
- ISShCh Xanthos Meggido – Eigandi: Kristjana Jónsdóttir
- ISShCh Rainscourt Life On Mars – Eigandi: Sigríður Bílddal
- ISShCh Perlugull Lady – Eigandi: Helen Björk Traustadóttir
- ISShCh Dewmist Glitter 'N Glance – Eigandi: Svava Guðjónsdóttir / Steinunn Guðjónsdóttir

### Stigahæstu hundar 2015

Í sjöunda sinn voru reiknuð stig fyrir frammistöðu á veiðiprófum og á sýningum ársins og var fimm hundum veitt viðurkenning á opnu húsi í Sólheimakoti.

Veiðipróf 2015: ISFTCH Kolkuós Míla, með 62 stig. Eigandi: Ævar Valgeirsson. Farandbikar gaf Kolkuós ræktun.

Sýningar 2015: Labrador Retriever: C.I.E. ISSHCH Hólabergs Famous Sport með 91 stig. Eigandi: Vignir Björnsson. Farandbikar gaf Leiruræktun.

Sýningar 2015: Golden Retriever: C.I.E. ISSHCH Heatwave Little Miss Sunshine með 83 stig. Eigandi: Steinunn Guðjónsdóttir. Farandbikar gaf Great North Golden ræktun.

Sýningar 2015: Flat-coated Retriever: ISSHCH Bez-Ami's Always My Charming Tosca með 33 stig. Eigandi: Fanney Harðardóttir. Farandbikar gaf www.vinnuhundar.com

Sýningar 2015: Nova Scotia Duck Tolling Retriever: USCH Avatar's Best Kept Secret of Pikkinokka með 71 stig. Eigandi: Lára Birgisdóttir. Farandbikar gaf Amazing Gold ræktun.

### Fagrð um ræktun Golden Retriever

Fagrð um ræktun Golden Retriever er ræktunarstjórn til ráðgjafar. Fagrðið er með sérstaka síðu á heimasíðu Retrieverdeildar og birtir þar m.a. ræktunarmarkmið fyrir tegundina.

### Heimasíða

Retrieverdeildin heldur úti mjög öflugri heimasíðu sem er mikið heimsótt. Þar eru ýmsar upplýsingar aðgengilegar um starfsemi deildarinnar og gagnagrunnur með öllum ættbókum, heilsufarsupplýsingum og árangri hundanna okkar auk tölfraeðisamantekta ýmiss konar. Fundargerðir stjórnarfunda og almennra funda hafa verið birtar til að auðvelda félagsmönnum að fylgjast með því sem er á döfinni. Í september 2012 fékk síðan okkar andlitslyftingu og hún endurbætt að verulegu leyti. 2015 var tölfraeði gerð enn aðgengilegri og eins hefur verið bætt inn talsvert af upplýsingum til að auðvelda ræktendum og þeim sem hafa hug á ræktun að nálgast upplýsingar. Heimasíðustjóri okkar er Olgeir Gestsson og þökkum við honum vel unnin störf á árinu sem endranær.

### Dagskrá 2016

Dagskrá verður með hefðbundnum hætti árið 2016. Sótt var um til HRFÍ að fá að halda deildarsýningu sem var samþykkt. Tólf veiðipróf eru ráðgerð og vegna frábærrar þátttöku síðustu ára verður aftur haldið tveggja daga próf í Eyjafirði, að þessu sinni verður erlendur dómari í Eyjafirði og er von á metaðsókn. Þá verður eitt veiðiprófana haldið á virkum degi sem hefur reynst vel. Dagskráin var samþykkt af stjórn HRFÍ og er sem hér segir:

| Dagskrá 2016 |                 |                                    |                      |                        |                            |
|--------------|-----------------|------------------------------------|----------------------|------------------------|----------------------------|
| próf nr.     | Dags            | Staður                             | Dómari               | Fulltrúi HRFÍ          | Prófstjóri / sýningastjóri |
| 201601       | Lau.23.04.2016  | Akranes                            | Sigurður Magnússon   | Sigurður Ben Björnsson | Arnar Tryggvason           |
| 201602       | Þri 10.05.2016  | Tjarnhólar / nýr staður BFL (OFL)  | Kjartan Lorange      | Halldór G. Björnsson   | Kári Heiðdal               |
| 201602       | mið.11.05.2016  | Tjarnhólar/ nýr staður (OFL) ÚFL-B | Kjartan Lorange      | Halldór G. Björnsson   | Kári Heiðdal               |
| 201603       | Lau. 28.05.2016 | Prándarholt á Skeiðum              | Halldór G. Björnsson | Sigurmon Hreinsson     | Jens Magnús                |
| 201604       | Lau.11.06.2016  | Melgerðismelar                     | Kaj Falk Andreasen   | Margrét Pétursdóttir   | Fanney og Ragnar           |
| 201605       | Sun.12.06.2016  | Melgerðismelar                     | Kaj Falk Andreasen   | Margrét Pétursdóttir   | Fanney og Ragnar           |
| Deildarsýn   | Lau.25.06.2016  | Brautarholt                        | Vidar Grundtjern     |                        |                            |
| 201606       | Sun. 26.06.2016 | Murneyrar á Skeiðum                | Sigurmon Hreinsson   | Sigurður Magnússon     | Jens Magnús                |
| 101607       | Lau. 16.07.2016 | Draugatjörn                        | Margrét Pétursdóttir | Sigurmon Hreinsson     | Guðjón P. Sigurðsson       |
| 201608       | Lau.06.08.2016  | Húsafell / Sílatjörn               | Trond Gjøtterud      | Kjartan Lorange        | Tóti / Heiðar              |
| 201609       | Sun.07.08.2016  | Húsafell / Sílatjörn               | Trond Gjøtterud      | Kjartan Lorange        | Heiðar / Tóti              |
| 201610       | Lau.27.08.2016  | Villingavatn                       | Halldór G. Björnsson | Sigurður Ben Björnsson | Ingólfur Guðmundsson       |
| 201611       | Lau.17.09.2016  | Nágrenni RVK                       | Sigurmon Hreinsson   | Halldór G. Björnsson   | Guðjón P. Sigurðsson       |
| 201612       | Lau.08.10.2016  | Seltjörn                           | Sigurður Magnússon   | Margrét Pétursdóttir   | Jens Magnús                |

Þá hefur Veðinefnd skipulagt opnar æfingar fyrir deildarmeðlimi sem hefur verið tekið fagnandi og hafa verið vel sóttar, áætlað er að þær hefjist í febrúar.

Göngu- og skemmtinefnd hefur ekki lagt fram dagskrá fyrir árið en stendur fyrir sýningarþjálfunum og setur inná viðburðardagatalið. Flestir viðburðir eiga að fara jafnóðum og þeir eru ákveðnir inná viðburðardagatalið á heimasíðum deildarinnar, við hvetjum deildarmeðlimi til að fylgjast með því sífellt er verið að bæta við.

Básanefnd hefur séð um skipulagningu og mönnun á Retrieverbás á sýningum félagsins og stórhundadögum í Garðheimum. Vonast básanefnd til að deildarmeðlimir taki vel í að kynna tegundirnar þegar upp verða settir básar á sýningum. ATH! hefur nokkuð verið boðið uppá að vera með bása á sýningum???

#### **Annað:**

Undanfarin ár hefur íslenskum veiðidómurum verið boðið að dæma í Noregi. Dómarar hafa verið veiðinefnd og stjórn innan handar í gegnum árin með að finna dómara á norðurlöndum og hefur verið gott samstarf þar á milli. Árið 2014 fóru Halldór Garða Björnsson og Sigurður Magnússon út til Noregs og 2015 fór Kjartan I. Lorange út til Noregs. Kjartan er okkar yngsti dómari og var hluti af hans námi tekinn í Noregi þar sem hann náði góðum samböndum við þarlenda dómara og dómáranema. Jafnframt gekk hann hér heima með erlendum dómurum og þar af tveimur norskum. Þetta framtak dómara er mjög af hinu góða og nýtist að sjálfsögðu öllu starfi hér heima.

Eins hafa verið dómáranemar á Deildarsýningum hjá Retrieverdeild síðustu 3 ár og er það okkur heiður að nýliðar í sýningardómara stétt sýni tegundum okkar þennan áhuga.

#### **Lokaorð**

Á liðnum árum hefur starfið innan deildarinnar mótast af samstarfsvilja og áhuga. Það er ekki sjálfgefið í sjálfböðastarfi sem þessu að saman skapist þetta góður sameiginlegur andi. Deildarmeðlimir hafa sameinast um það sem þeir hafa áhuga á og eru sammála um. Öflugt og breitt sjálfböðaliðastarf í ólíkum þáttum hundasportsins hefur síðan gefið flestum deildarmeðlimum tækifæri til að finna sínum áherslum farveg innan deildarinnar.

Skemmti- og göngunefnd skipaði stóran sess í að þjappa fólki saman, nú er eins og það sé svolítið erfiðara að fá fólk saman og þá er mikilvægt að koma með nýjar og góðar hugmyndir. Sýningarþjálfun hefur verið sterkur sameiningar vetvangur og þá sérstaklega sumarþjálfanirnar.

Hefð hefur komist á öflugar útilegur í kringum tveggja daga próf og deildarviðburð. Sameiginlegar máltíðir fyrir norðan og á deildarviðburði alltaf vel sóttar og vel að þeim staðið.

Básanefnd hefur verið deildinni til sóma þar sem kostur hefur verið gefinn á kynningarbásunum, nú hafa deildinni verið gefnar kynningar myndir sem ættu að nýtast vel á þeim vetvangi.

Sýningarnefnd hefur staðið vel að deildarsýningu og eins skilað sínu mjög vel þegar deildin hefur átt að skila starfi til sýninga HRFÍ. Sýningarnefnd hefur jafnframt komið með tillögu að dómara fyrir deildarsýningar.

Veðinefnd setur upp tillögu að dagskrá fyrir stjórn og manna prófstjóra sumarsins. Eins hafa þau staðið að sameiginlegum veiðiafingum sem hafa skipt miklu máli fyrir nýliðun í starfinu og kynnt fólk fyrir þessu frábæra sporti.

Margir eigendur retriever hunda hafa verið öflugir í starfi Vinnuhundadeildar og eignumst við Hlýðnimeistara á hverju ári sem er mjög skemmtilegt og sýnir vel hvað hægt er að gera margt með hundunum.

Það öfluga starf sem einkennir deildina okkar er ekki framkvæmanlegt nema að komi sjálfböðaliðar sem leggja sig mikið fram. Framkvæmd veiðiprófa, deildarsýninga, uppsetning alþjóðlegra sýninga og skipulag á öllum viðburðum deildarinnar er ekki unnið nema að komi öflugt fólk með mikinn áhuga.

Óeigingjarnt framlag dómara á veiðiprófum er ómetanlegt og eins höfum við fengið frábært framlag utan deildar á deildarsýningar í formi hringstjóra og sýningarstjóra sem vert er að þakka.

Styrktaraðilar starfsins eru Dyrheimar innflutningsaðili Royal Canin ásamt Stálnaust og Hyundai, einnig gafst deildarmeðlimum tækifæri til að vinna hjá IPP ehf við pökkun á gæludýranammi og rann ágóðinn til deildarinnar. Eins hafa nokkrir ræktendur lagt sitt af mörkum með auglýsingum á gotum á heimasíðu deildarinnar.

Að lokum óskum við öllum þeim sem hafa náð árangri með hundana sína á árinu til hamingju, bjóðum nýja meðlimi velkomna og vonumst eftir góðu samstarfi með deildarmeðlimum í starfi og leik í ár.



Reykjavík 26.febrúar 2016.

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ



---

Heiðar Sveinsson formaður

Retrieverdeild HRFÍ (kt. 610809-0490).  
Bankareikningur (0701-26-610809)

### Rekstrarreikningur 2015

|  | Gjöld     | Tekjur    |
|--|-----------|-----------|
| Styrkur frá Dýrheimum v. heimasíðu                   |           | 24.000    |
| Styrkur frá Bendi ehf v. heimasíðu                   |           | 90.000    |
| Styrkur frá Hyundai / BL ehf                         |           | 100.000   |
| Styrkur frá IPP ehf v.pökkun                         |           | 70.000    |
| Styrkur frá Hundalíf v. Heimasíðu                    |           | 60.000    |
| Styrkir frá 5 ræktendum til rekstrar heimasíðu       |           | 25.000    |
| Sýningarþjálfun                                      |           | 54.117    |
| Villibráðaveisla haldin í Sólheimakoti               |           | 40.000    |
| Styrkur frá Kristjáni Smára                          |           | 3.000     |
| Kaffisjóður (kaffi og með því á viðburðum )          | 15.134    | 10.063    |
| Frystikista f.bráð (keypt ný Max ehf )               | 60.000    |           |
| Keypt bráð (73 Svartfuglar)                          | 42.000    |           |
| Vesti fyrir veiðipróf. Styrkt af Dýrheimum           | 62.000    | 62.000    |
| 20 ára afmæli veiðiprófa                             | 56.419    |           |
| Heiðrun viðurkenningar                               | 13.950    |           |
| Samkomutjald keypt í Bauhaus v/Deildarsýningar       | 45.756    |           |
| Vefvistun hjá Tónaflóði, des.2014 – des 2015         | 75.555    |           |
| ISNIC-Lén árgjald f/retriever.is                     | 6.230     |           |
| Viðhald v/gagnagrunn deildarinnar (Opin kerfi)       | 32.222    |           |
| Ógreitt vegna Húsafellspróf 2014                     | 7.000     |           |
| Ógr. Dagpeningar Oyvind Veel styrkt af Dýrheimum     | 27.267    | 27.267    |
| Staðgreitt vegna deildarsýningar                     | 344118    |           |
| Staðgreitt vegna veiðiprófa                          | 371092    |           |
| Uppgjör frá HRFÍ vegna deildarsýningar og prófa 2015 |           | 433727*   |
| Vextir og fjármagnstekjuskattur                      | 242       | 1210      |
| Rekstrarhagnaður-tap                                 | -158.601  |           |
|  | =====     | =====     |
| Samtals:   | 1.000.384 | 1.000.384 |

\*Skýringar vegna viðburða á vegum deildarinnar (deildarsýning við Brautarholti á skeiðum og 11 veiðiprófa). Skráningar á deildarsýningu voru 74 og á veiðipróf 156. Skráningargjöld voru 271.940 fyrir sýninguna og 564.516 fyrir veiðiprófin, eða 836.456 að frádregnum VSK. Kostnaður greiddur til skrifstofu HRFÍ var (70.670 fyrir sýningu 126.130 fyrir veiðipróf 15.000 endurgreitt prófgjald ), ýmis kostnaður staðgreiddur af HRFÍ var 184.640 og kostnaður staðgreiddur af Retrieverdeild var 715.210. Rekstrartap viðburða var 260.194, en Dýrheimar, umboðsaðili Royal Canin á Íslandi, greiddi að venju flug og gistikostnað eins erlends veiðiprófsdómara.

### Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Hrein eign Retrieverdeildar HRFÍ 31. desember 2015 var kr. 523.714,- í lausafé, þar af 498.883 á bankabók (0701-26-610809), 24.831 óinnheimt hjá HRFÍ. Til samanburðar var hrein eign þann 31.12.2014 kr. 665.271,-

Reykjavík, 9. febrúar 2016.

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ



Þórhallur Atlason, gjaldkeri